

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. í kjarasamningi stefnda við Vinnuveitendafélag Íslands er mikilvægt fyrir kaup og kjör vörubilstjóra, enda hafa vinnuveitendur alltaf viðurkennt það. Stefnda er því heimilt að gera verkfall til að vinna að því, að stefnandi skrifi undir ofangreindan kjarasamning óbreyttan. Ber því að sýkna stefnda að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsorði meiri hluta Félagsdóms.

Miðvikudaginn 13. júlí 1966.

Nr. 1/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Veitingahússins Nausts h/f

(Jón Magnússon hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn: Trúnaðarmanni sagt upp starfi á ólögmetan hátt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. maí s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Veitingahússins Nausts h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- 1) að uppsögn Veitingahússins Nausts h/f, dags 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar verði dæmd ógild,

- 2) að Nausti h/f verði dæmt skylt að taka Friðjón Gunnar Friðjónsson aftur til vinnu,
- 3) að Naust h/f verði dæmt til greiðslu sektar í ríkissjóð,
- 4) að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eigi lægri en kr. 10.000.00.

Stefnandi hefur áskilið sér rétt til þess að krefjast skaðabóta í sérstöku máli, ef uppsögnin yrði dæmd ólögmat.

Málavextir eru þessir:

Friðjón Gunnar Friðjónsson hefur starfað sem framreiðslumaður í Veitingahúsinu Naustri frá því í októbermánuði 1960.

Hinn 8. marz 1965 nefndi stjórn Félags framreiðslumanna þá Viðar Ottesen og Gunnar Friðjón framreiðslumenn til trúnaðarmannsstarfa í Nausti og tilkynnti veitingahúsinu þessa tilnefningu með bréfi, dags. 10. apríl s. á., er hljóðar svo:

„Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80, 11. júní 1938, 9. gr., leyfum vér oss hér með að tilnefna eftirtalda félagsmenn okkar sem trúnaðarmenn félags okkar á vinnustað yðar:

Viðar Ottesen
Gunnar Friðjónsson.

Báðir þessir félagsmenn vorir eru starfandi á vinnustað yðar. Samkvæmt fyrrgreindum lögum ber yður að samþykkja annan fyrrgreindra trúnaðarmanna. Hafi oss hins vegar ekki borizt tilkynning um val yðar fyrir 25. þ. m. þ. á., lítum vér svo á, að þér hafið samþykkt þann sem trúnaðarmann, sem fyrr er talinn hér að ofan.

Um skyldur og réttindi trúnaðarmanna vísast til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Tilnefning þessi gildir til næsta aðalfundar félags vors eða þar til öðruvísi verður ákveðið af félagi voru“.

Naust h/f neytti eigi valréttar síns um trúnaðarmanninn og veitti eigi þá nein andsvör við bréfi þessu.

Fram er komið, að stjórn Félags framreiðslumanna hafi rætt um það sín á milli í þann mund, er nefnd tilnefning

fór fram eða nokkru síðar, að eigi væri heppilegt, að Viðar Ottesen, sem átti sæti í stjórn félagsins, væri jafnframt trúnaðarmaður þess á vinnustað. Mun og Viðar hafa kosið að vera laus við þann starfa. Hefur Jón Mariasson skýrt svo frá hér fyrir dómi, að einhverjir tveir félagsmanna muni hafa kynnt Friðjón Gunnar fyrir þáverandi forstjóra Nausts h/f sem trúnaðarmann félagsins, en eigi hafa þessir menn komið í leitirnar. Eigi er fram komin um þetta efni nein skýrsla af hálfu fyrrverandi forstjóra, Halldórs Gröndals, en hann lét af störfum í júnimánuði 1965 og fluttist til útlanda. Hins vegar liggur fyrir í málinu, að hann ritaði hinn 14., 15. og 22. maí 1965 bréf út af ágreiningi, er upp hafði komið milli framreiðslumanna og veitingamanna, og eru nefnd bréf öll stíluð til Gunnars Friðjónssonar, trúnaðarmanns framreiðslumanna í Nausti, og hann beðinn að sýna öllum framreiðslumönnum í Nausti bréfin.

Í byrjun júní 1965 urðu forstjóraskiti í Nausti h/f, og eru aðiljar sammála um það, að eigi hafi á næstu mánuðum komið upp nein þau mál, er trúnaðarmaður stéttarfélagsins þyrfti að hafa afskipti af. Reyndi því ekki á það, hver hann var.

Hinn 17. marz 1966 ritar Félag framreiðslumanna forstjóra Nausts h/f svohljóðandi bréf:

„Það tilkynnist yður hér með, að trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í veitingahúsinu Naust er Gunnar Friðjónsson“.

Ekki er fram komið, að neinar sérstakar ástæður hafi legið til grundvallar þessari tilkynningu félagsins og hefur formaður þess sagt, að hún hafi verið áretting á stöðu Friðjóns Gunnars sem trúnaðarmanns á nefndum veitingastað.

Forstjóri Veitingahússins Nausts hreyfði eigi neinum andmælum við nefndri tilkynningu. Kveðst hann hafa talið tilnefningu Friðjóns Gunnars markleysu. Hann hafi þá þegar verið búinn að ákveða að segja Friðjóni Gunnari upp störfum. Gerði hann það með svohljóðandi bréfi, dags. 28. marz s.l.:

„Hér með tilkynnist þér, að þér er sagt upp starfi þínu,

sem framreiðslumaður, hjá Nausti h.f., frá og með 1. apríl næst komandi að telja.

Þar eð uppsagnarfrestur, samkvæmt samningum S. V. G. og Félags framreiðslumanna, telst vera einn mánuður, þá skal störfum þínum hjá fyrirtæki voru vera lokið að kvöldi hins 30. dags aprílmánaðar 1966“.

Félag framreiðslumanna andmælti þegar hinn 1. apríl s.l. nefndri uppsögn. Segir m. a. svo í bréfi, sem félagið ritaði Veitingahúsinu Nausti, en afrit af því bréfi sendi félagið Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda:

„Í bréfi þessu“, þ. e. uppsagnarbréfinu, „eru engar ástæður greindar fyrir uppsögninni og Friðjón Gunnar kveður sér ekki heldur hafa verið greint frá slíkum ástæðum munnlega. Þar sem hér er um að ræða trúnaðarmann félagsins í veitingahúsi yðar, sem fyrirrennari yðar í starfi hefur samþykkt sem slíkan, verður félagið að líta svo á nema annað upplýsist, að greind uppsögn brjóti í bága við 11. gr. laga nr. 80/1936 um stéttarfélög og vinnudeilur og sé því með öllu ólögmat.

Jafnframt því sem félagið mótmælir harðlega nefndri uppsögn er hér með skorað á yður að gera félaginu nú þegar fullnægjandi grein fyrir ástæðum til uppsagnarinnar, eða að öðrum kosti að afturkalla uppsögnina“.

Í svarbréfi Nausts h/f, dags. 4. apríl s. á., segir svo:

„Sem svar við bréfi yðar, dagsettu 1. apríl s.l., viljum vér hér með upplýsa, að Friðjóni Gunnari Friðjónssyni hefur alls ekki verið sagt upp stöðu sinni í Nausti vegna starfa hans sem trúnaðarmanns félags yðar hjá fyrirtæki voru, enda hafa engir árekstrar átt sér stað milli Friðjóns Gunnars og undirritaðs þeirra starfa vegna, og á því 11. gr. laga nr. 80/1938 ekki við í þessu tilviki.

Við viljum jafnframt vekja athygli yðar á, að í Nausti, sem á öðrum vinnustöðum, eiga sér öðru hvoru stað breytingar, er varða starfsmannahald, þar sem ýmist atvinnurekandi segir starfsmanni upp starfi, eða þá starfsmaður segir upp sínu starfi, og er hér um fyrra tilvikið að ræða, er varðar uppsögn þessa“.

Frekari bréfaskipti leiddu eigi til samkomulags um uppsögnina og eigi kom annað fram í þeim um ástæður til hennar en að framan greinir.

Það er ekki fyrr en í þinghaldi 27. maí s.l., er stefndi lagði fram greinargerð ásamt skýrslu forstjóra Nausts h/f, dags. 16. s. m., að fram kemur, að uppsögn Friðjóns Gunnars eigi rætur sínar að rekja til starfs hans sem framreiðslumanns, svo sem síðar verður vikið að.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í málinu á því, að þar sem Friðjón Gunnar Friðjónsson hafi verið trúnaðarmaður félags síns á vinnustað, hafi frammanefnd uppsögn Veitingahússins Nausts verið brot á ákvæðum 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938. Sé uppsögnin því ógild og refsiverð samkvæmt 70. gr. sömu laga. Heldur hann því fram, að áðurgreind bréf, sem Halldór Gröndal ritaði Friðjóni Gunnari í maí 1965, sýni ótvírætt, að forstjóri veitingahússins hafi viðurkennt hann sem trúnaðarmann Félags framreiðslumanna og Friðjón Gunnar komið fram gagnvart veitingahúsinu sem trúnaðarmaður á þeim vinnustað. Auk þess hafi svo hin sérstaka skipun hans sem trúnaðarmanns hinn 17. marz 1966 tekið af öll tvímæli um það, að hann hafi verið fullgildur trúnaðarmaður á vinnustað sínum, þegar honum var sagt upp starfi.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Friðjón Gunnar hafi nokkurn tíma verið trúnaðarmaður félags síns í Nausti og hafi hann aldrei verið viðurkenndur til þess starfs af hálfu veitingahússins. Ekkert mál hafi á starfstíma núverandi forstjóra komið upp í veitingahúsinu, er trúnaðarmaður framreiðslumanna þar hafi þurft að hafa afskipti af. Kveður stefndi, að það hafi verið af ókunnugleika forstjórans, að hann taldi, að framangreint skipunarbréf Friðjóns Gunnars, dags. 17. marz 1966, hefði gildi sem skipunarbréf í trúnaðarmannsstöðu, enda hefði forstjóranum þá ekki verið kunnugt um áðurgreinda tilnefningu Félags framreiðslumanna frá 10. apríl 1965. Hið rétta í málinu sé, að Friðjón Gunnar hafi aldrei, hvorki formlega né með öðrum hætti, orðið trúnaðarmaður félags síns í Nausti. Eigi ákvæði 11. gr. laga nr. 80/1938 því eigi við um hann og njóti hann engrar sér-

stakrar réttarverndar samkvæmt því ákvæði. Mótmælið stefndi því, að framangreind bréf fyrirverandi forstjóra Nausts h/f til Friðjóns Gunnars skipti nokkru máli í þessu sambandi. Samkvæmt bréfi stjórnar framreiðslumannafélagsins 10. apríl 1965 hafi Viðar Ottesen orðið trúnaðarmaður félagsins í Nausti. Hann starfi þar enn og sé skipun hans því enn í gildi.

Þá heldur stefndi því og fram, að jafnvel þótt Friðjón Gunnar hefði verið trúnaðarmaður, geti það ekki haft nein áhrif á úrslit þessa máls eða haggð umdeildri uppsögn. Friðjóni Gunnari hafi ekki verið sagt upp vegna trúnaðarmannsstarfa hans. Hér hafi aðeins verið um venjulega uppsögn á starfi að ræða, sem fram hafi farið að réttum reglum, því gætt hafi verið umsamins og lögmæts uppsagnarfrests. Eigi hafi verið um fækkun á starfslíði að ræða og engin þau atvik verið fyrir hendi, að ákvæði 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 geti átt við.

En jafnvel þó svo hefði verið, þá kveður stefndi, að lög-
mætar ástæður hafi verið fyrir hendi, sem réttlætt hafi uppsögn af hálfu veitingahússins. Gætt hafi mikillar óstundvísí af hálfu Friðjóns Gunnars og auk þess hafi hann eigi fært fram viðhlítandi ástæður fyrir fjarvistum frá skyldustörfum. Þá hafi framreiðsla af hans hendi yfirleitt verið sein og hæg og ekki með þeim hætti, sem krafizt sé af framreiðslumönnum í Nausti. Hann hafi og verið ósamvinnuþýður og illmögulegt að fá hann til þess að fara eftir þeim starfsreglum, sem veitingahúsið hafi sett. Loks hafi það komið fyrir í marzmánuði s.l., að hann hafi við uppgjör að kvöldi dags greitt veitingahúsinu með tékkaávisun úr eigin hefti. Hafi ávisun þessi verið innleyst af viðskiptabanka veitingahússins næsta dag, en síðar komið í ljós, að innstæða var eigi fyrir hendi. Friðjón Gunnar hafi að visu strax kippt þessu í lag, en veitingahúsið líti mjög alvarlegum augum á slíkt, auk þess sem þetta sé ekki í fyrsta sinn, sem sams konar tilvik hafi komið fyrir af hálfu hans.

Stefnandi hefur andmælt réttmæti þessara málsástæðna stefnda. Heldur hann því fram, að óstundvísí Friðjóns Gunnars hafi ekki verið í þeim mæli, að réttlætt geti uppsögn,

enda hafi eigi á oftnefndum veitingastað verið farið strangt í þær sakir af hálfu forráðamanna þar og ekki kveðið meira að óstundvísi af hálfu Friðjóns Gunnars en annarra framreiðslumanna í Nausti.

Þá heldur stefnandi því einnig fram, að Friðjón Gunnar hafi að öðru leyti gegnt störfum sínum með þeim hætti, að eigi verði að fundið. Og hvað nefnda tékkávisun snerti, hafi Friðjón Gunnar þegar í stað leiðrétt mistök sín, en þau hafi einungis stafað af samlagningarskekkju í tékkhefti hans. Séu þannig eigi fyrir hendi neinar þær ástæður, er valda eigi því, að Friðjón Gunnar njóti eigi sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns, að því er uppsögn varðar, þeirrar sérstöku réttarverndar, sem trúnaðarmönnum sé veitt með ákvæði 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Afstaða dómsins.

Þegar litið er til framangreindrar tilkynningar Félags framreiðslumanna, dags. 10. apríl 1965, um val á trúnaðarmanni í Veitingahúsinu Nausti og bréfa þeirra, sem áður er getið, frá forstjóra veitingahússins til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar í maímánuði 1965, verður með vísun til þess, sem áður er rakið, að telja, að hann hafi af hálfu veitingahússins verið samþykktur sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938. Hinn 17. marz þ. á. nefndi Félag framreiðslumanna Friðjón Gunnar enn til trúnaðarmannsstarfa á sama stað. Af hálfu veitingahússins var eigi gerð athugasemd við þá útnefningu og eigi var af þess hálfu krafizt aðstöðu til vals á trúnaðarmanninum samkvæmt 9. gr. nefndra laga. Var Friðjón Gunnar því áfram trúnaðarmaður félags síns á vinnustað og gegndi þeim starfa með réttindum og skyldum samkvæmt 9.—11. gr. sömu laga, þegar honum var sagt upp starfi hinn 28. marz s.l.

Í uppsagnarbréfinu til Friðjóns Gunnars er ekki getið neinnar ástæðu til uppsagnarinnar. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, er að því lúti, að hún eigi rætur að rekja til trúnaðarmannsstarfa hans. Ágreiningslaust er, að ekki er um þá fækkun á starfslíði að ræða, sem orðalag 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938 tekur beint til. Hins vegar verður að skýra ákvæði þessa málslíðar svo, að hann feli í sér reglu,

er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, enda þótt gætt sé lögmæts uppsagnarfrests, þegar svo stendur á, eins og hér er um að tefla, að ætlunin er að ráða annan starfsmann í stað trúnaðarmannsins. Þessi skýring á 2. málslið 11. gr. skýtur þó ekki loku fyrir það, að trúnaðarmaður verði sem aðrir starfsmenn að hlíta uppsögn fyrir misfellur í starfi eða brot á þeim starfsreglum á vinnustað, sem starfsmönnum þar er almennt skylt að fylgja.

Svo sem áður er greint, hefur stefndi í flutningi máls þessa haldið því fram, að Friðjón Gunnar hafi brotið svo af sér í starfi sem framreiðslumaður, að gildar ástæður hafi verið til uppsagnar, hvort sem hann var trúnaðarmaður eða ekki.

Hefur hann fært fram eftirtaldar ástæður, og kemur þá til álita, hvað fram er komið um þessi atriði:

1) Seinlæti í afgreiðslu og tregða við að framfylgja settum starfsreglum.

Eigi liggja fyrir gögn, er hleypi stoðum undir áðurgreindar staðhæfingar stefnda, að því er þessi atriði varðar, og verður lögmæti uppsagnar Friðjóns Gunnars eigi byggt á misbrestum af hans hálfu í þessum efnunum.

2) Óstundvísí og fjarvistir.

Fyrir dóminn hafa komið þrjú framreiðslumenn í Nausti, þeir Bjarni Bender, Sigurður Friðriksson og Símon Sveinn Sigurjónsson og gefið skýrslu um þessi atriði. Verða vætti þeirra nú rakin.

Bjarni Bender yfirþjónn segir, að Friðjón Gunnar hafi verið áberandi óstundvísí og stundum komið hálfri klukkustund of seint. Hafi þessarar óstundvísí gætt á hinum ýmsu starfstímabilum dagsins, og á henni borið allt frá því er Friðjón Gunnar hóf störf í Nausti árið 1960, en vitni þetta kveðst hafa starfað með honum allan þann tíma og lengst af sem yfirþjónn. Segir Bjarni, að Friðjón Gunnar hafi skorið sig úr um óstundvísí, þótt slíkt hafi af og til hent aðra framreiðslumenn veitingahússins. Oftast hafi hann gert viðvart, ef hann kom alls ekki til vinnu, en stundum hafi þó brugðið út af því, og oft hafi hann tilkynnt fjarveru sína með svo

stuttum fyrirvara, að erfitt hafi reynzt að fá mann í hans stað. Bjarni kveðst fyrir um það bil 2 árum hafa rætt um óstundvísi Friðjóns Gunnars við hann sjálfan og hafi til-efnið verið kvartanir annarra þjóna veitingahússins, sem taka þurftu vaktir af honum.

Sigurður Friðriksson segir, að það hafi oft komið fyrir að Friðjón Gunnar hafi komið of seint til vinnu og stundum alls ekki, og þá ekki alltaf tilkynnt fjarveru sína. Kveðst Sigurður stundum hafa þurft að taka á sig, auk síns venju-lega starfs, þá vinnu, er Friðjón Gunnar hafi átt að leysa af hendi. Hann kveður að borið hafi á óstundvísi Gunnars öll þau 5 ár, sem þeir hafi unnið saman, og kveðst Sigurður hafa kvartað yfir henni við yfirþjóninn. Hann kveður Friðjón Gunnar hafa skorið sig úr um óstundvísi.

Simon Sveinn Sigurjónsson segir, að Friðjón Gunnar hafi oftast en einu sinni komið of seint til vinnu og honum jafnvel þá dvalizt við snyrtingu, eftir að hann kom á vinnu-stað, áður en hann hóf vinnu. Hann segir, að sérstaklega hafi borið á óstundvísi Friðjóns Gunnars á 2. og 3. starfsári hans og svo aftur á s.l. vetri.

Friðjón Gunnar Friðjónsson hefur viðurkennt, að hann hafi nokkrum sinnum komið of seint til vinnu, og að hann hafi eitt sinn bringt til núverandi forstjóra hálf tíma áður en hann átti að vera til staðar við vinnu og beðið um frí vegna veikinda konu sinnar og hafi hann fengið það. Hann kveðst hins vegar ekki hafa verið óstundvisari en aðrir framreiðslu-menn veitingahússins. Hann segir, að fyrrverandi forstjóri hafi aldrei fundið að neinu við sig, en núverandi forstjóri hafi einu sinni rætt við sig út af einu tilfelli, er hann kom of seint á s.l. vetri, og áminnt sig út af því tilviki. Í annað sinn hafi forstjórinn rætt við alla framreiðslumennina sameiginlega og beðið þá um að koma stundvíslega til vinnu.

Forstjóri Nausts h/f, Geir Zoëga jr., sem gefið hefur skýrslu fyrir dóminum, segist hafa talað við alla þjónana sameiginlega um nauðsyn þess, að þeir kæmu stundvíslega til vinnu. Hann kveðst auk þess hafa talað tvisvar við Friðjón Gunnar um óstundvísi hans, en hann hafi skorið sig úr í því efni. Hafi fyrra samtalið átt sér stað í október eða nóvember

1965, en hið síðara í janúar eða febrúar s.l. og hafi hann í síðara skiptið komizt svo að orði, að hann yrði að taka til annarra ráða, ef ekki yrði breyting til batnaðar af hálfu Friðjóns Gunnars, en ekki skýrt nánar hvað í því fælist né heldur tjáð honum, að það mundi varða uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt.

3) Útgáfa innistæðulausrar tékkávisunar.

Við reikningsskil kvöld eitt í marzmánuði s.l. greiddi Friðjón Gunnar með ávisun úr eigin tékkhefti, að fjárhæð kr. 2.470.00 í stað peninga, sem hann hafði veitt viðtöku fyrir veitingar. Ávisun þessa innleysti viðskiptabanki veitingahússins næsta dag, hinn 12. marz, en hinn 17. s. m. tilkynnti Seðlabanki Íslands, að eigi hefði verið innstæða fyrir nefndri tékkávisun. Friðjón Gunnar segir, að hér hafi verið um mistök hjá sér að ræða, er stafað hafi af samlagningskekkju í tékkhefti sínu og hafi hann kippt þessu strax í lag hjá viðskiptabanka sínum, er veitingahúsið skýrði honum frá tilkynningu Seðlabankans. Forstjóri Nausts kveður að lítið hafi verið á þetta alvarlegum augum af hálfu veitingahússins, enda hafi þetta ekki verið einsdæmi af hálfu Friðjóns Gunnars.

Friðjón Gunnar segist iðulega hafa við reikningsskil greitt með eigin tékkávisun og hafi aldrei verið að því fundið, en hann kveðst ekki minnst þess, að það hafi nokkurn tíma komið fyrir, að eigi væri fyrir hendi næg innstæða fyrir þeim, og hefur þeirri staðhæfingu hans eigi verið hnekkst af stefnda.

Um 2. og 3.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum starfsreglum á vinnustað og þeim fyrirmælum kjarasamninga, sem hann er settur til að gæta, að framfylgt sé af hálfu vinnuveitandans. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum, þrátt fyrir þá sérstöku vernd

honum til handa, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 að því er uppsögn úr starfi varðar. Nú verður að vísu að telja sannað, að all mjög hafi á það skort, að Friðjón Gunnar gætti þeirrar stundvísí í starfi sínu, sem honum var skylt, og að það hafi hent hann að tilkynna ekki forföll með hæfilegum fyrirvara. En þar sem hann var trúnaðarmaður, telur dómurinn, að forstjóri Nausts h/f hefði átt að tjá honum skýlaust, að það gæti varðað uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt. Gildir þetta því fremur, þar sem óstundvísí Friðjóns Gunnars hafði lengst af starfstíma hans verið látin óátalin og stundvísí almennt að því er virðist verið nokkuð ábótavant á þessum vinnustað. Ljóst er af gögnum málsins, að Friðjóni Gunnari hefur eigi verið veitt þess konar áminning eða viðvörðun, sem að framan greinir.

Útgáfu framangreindrar innstæðulausrar tékkávisunar verður að telja ámælisverða. En þegar tekið er tillit til þess, að eigi var um stærri fjárhæð að ræða og að Friðjón Gunnar leiðrétti strax mistök sín, þykir þetta atvik eigi alveg nægilegt til þess að réttlæta uppsögn trúnaðarmanns, enda er eigi sannað, að þetta hafi áður hent Friðjón Gunnar og ætla verður, af því sem fram er komið í málinu, að forráðamenn veitingahússins hafi látið það viðgangast óátalið, að framreiðslumenn þar afhentu eigin tékkávisanir við reikningsskil að kvöldi dags til lúkningar á innkomnum tekjum af veitingasölu þann dag.

Með vísun til framanritaðs telur dómurinn, að framangreind uppsögn Nausts h/f hafi verið brot á meginreglu 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmet gagnvart Friðjóni Gunnari Friðjónssyni.

Eins og atvikum og málavöxtum er farið, þykir þó mega fella niður refsingu á hendur Nausti h/f fyrir brot á nefndu ákvæði.

Eigi verður talið, að lög, meginreglur íslenzkra laga eða samningar skyldi Naust h/f til þess að taka Friðjón Gunnar aftur í þjónustu sína og ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

1. Uppsögn Nausts h/f, dags. 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar var ólögmet.
 2. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.
 3. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnanda um að taka Friðjón Gunnar Friðjónsson aftur í þjónustu sína.
- Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Priðjudaginn 25. október 1966.

Nr. 3/1966. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Ragnar Jónsson, Bjarni K. Bjarnason,
Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Frávisun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 24. júní þ. á., af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

að dæmt verði, að loforði menntamálaráðherra frá 5. júní 1964 til Landssambands framhaldsskólakennara um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, sem skipaðir voru eða settir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, svo að þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna, hafi ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.